

Umhverfisstefna

SBA-Norðurleið hefur metnað til að stuðla að sjálfbærri þróun í ferðaþjónustu á Íslandi. Rekstur hópferðabifreiða getur haft neikvæð áhrif á umhverfið. Fyrirtækið er meðvitað um þau áhrif og hefur sett sér skýr viðmið til að lágmarka þau eins og kostur er.

Umhverfisstefnan er endurskoðuð reglulega og byggir á lögum og reglugerðum sem gilda um umhverfismál á Íslandi. Fyrirtækið leggur áherslu á endurnýtingu, endurvinnslu, verndun umhverfisins og lágmarkun úrgangs. Það er okkar hagar, eins og annarra Íslendinga, að landið beri ekki skaða af ágangi ferðamanna. Við gerum besta til að svo verði ekki.

Aðgerðir sem gripið hefur verið til til að lágmarka umhverfisáhrif fyrirtækisins:

- Endurnýja aðeins bílafloata fyrirtækisins með bifreiðum sem uppfylla tilskilda evrópska mengunarstaðla á hverjum tímapunkti.
- Nota bifreiðir sem hæfa hópastærðum sem best.
- Úrgangur fyrirtækisins er flokkaður, endurnýttur og enduruninn auk þess sem reynt er að draga úr úrgangsmagni eins og kostur er.
- Bílstjórar fyrirtækisins hafa fengið fræðslu í vistakstri til að lágmarka olíunotkun og útblástur.
- Bann við óþörfum lausagangi bifreiða.
- Þjálfar starfsmenn með umhverfisstefnu fyrirtækisins að leiðarljósi. Koma henni á framfæri við viðskiptavinum okkar og leiðbeina þeim hvernig þeir geta tekið þátt í að aðstoða okkur.

Reglur um lausagang bifreiða

Í reglugerð um varnir gegn loftmengun (nr. 788/1999, 6 gr.) er kveðið á um að óheimilt sé að skilja ökutæki eftir í gangi þegar þau eru yfirgefin. Jafnframt að óheimilt er að láta vélar kyrrstæðra ökutækja ganga lengur en í örstutta stund nema sérstaklega standi á.

Aðstæður sem réttlæta lausagang bifreiða geta t.d. verið:

- undirbúningur aksturs í frosti
- mikill raki sem safnast á rúður og hindrar útsýni
- ef olíumiðstöð er ekki í lagi (nauðsynlegt að upplýsa verkstæði um bilun)
- ef loftkerfi er óþétt (nauðsynlegt að upplýsa verkstæði um bilun)

Sérstaklega skal forðast lausagang bifreiða:

- við skóla, íþróttamannvirki og hótél
- í íbúðarhverfum
- þar sem margar hópferðabifreiðar bíða á sama tíma eftir farþegum, t.d. úr skemmtiferðaskipum

Umgengni við náttúruna

Starfsmönnum SBA-Norðurleiðar er uppálagt að haga allri umgengni við náttúruna þannig að hún beri ekki skaða af. Starfsmönnum ber að virða gildandi lög um náttúruvernd og fara eftir reglum í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum.

Ávallt eru notaðir merktir vegir eða viðurkenndir ökuslóðar. Aðeins er ekið yfir vatnsföll á stöðum sem til þess eru ætlaðir og farið er út í ár og upp úr þeim þannig að komið sé í veg fyrir skemmdir á bökkum.

Merktir áningarstaðir eru notaðir eins og kostur er og þegar þeir eru yfirgefnir er gengið úr skugga um að ekkert rusl sé skilið eftir.

Bílstjórar og leiðsögumenn minna gesti á ábyrga hegðun gagnvart umhverfinu.

Starfsmenn eru hvattir til að kynna sér upplýsingar um friðlýst svæði og svæði á náttúru-minjaskrá en þær er að finna á vef Umhverfisstofnunar <https://www.ust.is/einstaklingar/nattura/>.